


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 1		
<b>Áfangaheiti BYB 301</b>		
<b>Yfirbyggingar burðarvirki</b>		
<b>Námsáætlun haust 2015</b>		

<b>Kennari</b>	Stefán Bjarnhéðinsson	<b>Sk.st.</b>	SBH
----------------	-----------------------	---------------	-----

#### Áfangalýsing:

Farið yfir ýmsar aðferðir til að mæla burðarvirki og undirvagn ökutækja. Skoðaðar vinnuáferðir við skipti á yfirbyggingahlutum. Æfingar í viðgerðum á hurðum og búnaði þeirra.

#### Markmið:

Nemandi þekki: Aðferðir til að meta ástand burðarvirkis og yfirbyggingar og kröfur til burðarvirkis í reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

Nemandi geti: Lýst mælingu burðarvirkis, sérstaklega vegna hjólfestinga, stýris- og fjöðrunarbúnaðar. Skipt um og gert við rúðuvindur, skrár og lamir hurða, skipt um hurðir og lok, svo sem vélarhlíf og lok á farangursgeymslu.

#### Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004.

Ljósrit kennara og myndbönd um námsefnið.

#### Áætlun um yfirferð:

Farið er yfir byggingar efni bílsins og mismunandi gerðir burðarvirkja (sjálfberandi boddý og grindar berandi boddý, farið er yfir stál tegundir í bílnum og hvað er hægt að rétta og hvað ekki .

Bílhurðir eru teknar af bíl og í sundur, settar saman, aftur og stilltar á bílinn, tveir nemendur eru saman með eina hurð.

Nemendum kennt að mæla bíl bæði í réttingarþekk og á einfaldan hátt með málbandi til að geta tekið ákvörðun um framhald viðgerðar.

Myndbönd sem sýna áreksstur sýnd og farið yfir mun á grindar bíl og sjálfberandi boddýi , hvað áreksstur varðar og þróun bílaframleiðanda með hæð á krumpusvæði , farið er bóklega yfir reglugerð um burðarvirki. Fjallað um styrkleikamissi burðarvirkis við aflögun eða tæringu.

#### Verkefni:

Nemendur vinna verkleg verkefni, spenna bíl í réttingarþekk ,mæla bíl ,hurðir af/á og í sundur /saman . Bókleg verkefni eru burðarþols verkefni og lokapróf.


#### Námsmat og vægi námsþátta:

Próf 40%. Verkefni 40%. Mat 20%.

#### Annað:

Einkunn fyrir liðinn mat byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig end að í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 18.08.2015

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgerðs